

FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Kennsluáætlun:

Haustönn 2016

Áfangi

TEVH2GH05, teikningar og verklýsingar í húsasmíði.

Markmið áfangans:

Helstu markmið áfangans eru að nemendur:

- læri um verkstæðisunna byggingahluta úr tré og útfærslur þeirra
- geti lesið og unnið með teikningar af verkstæðisunnum byggingahlutum
- geti rissað og teiknað einfalda glugga, hurðir, innréttningar og tréstiga
- læri að gera efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga

Efnisatriði/kjarnahugtök:

Aðalskipulag, deiliskipulag, hönnunargögn, aðaluppdrættir, séruppdraettir, byggingauppdraettir, innréttungauppdraettir, deiliteikningar, deililausmir, sneiðingar, byggingareglugerð, íslenskir staðlar, Rb-blöð, verklýsingar, fagheiti, teiknitákn, gluggar, hurðir, innréttningar, skápar, tréstigar, stigahandrið.

Kennslugögn:

Stuðst verður við eftirfarandi gögn:

Byggingareglugerð, Rb-blöð, Sýnishorn teikninga af einbýlishúsi, Húsasmíði-timburhús e. Anders Fröstrup, Íslenskir staðlar, Aðgengi fyrir alla, ýmis teiknigögn o.fl.

Nemendur eru hvattir til að teikna verkefnin í fartölvu og er mælt með því að teikniforritið **Microstation V8** sé notað en því má hlaða niður frítt af netinu (nemendaútgáfa). Kennari aðstoðar nemendur í að ná tökum á forritinu. Einnig má nota AutoCad eða önnur teikniforrit ef nemendur hafa notast við þau áður og þekkja vel.

Fartölvur verða nemendur að útvega sjálfir og taka með sér á tímana. Verkefnin (ljósrit) fá nemendur frá kennara í tínum á önninni (einnig hægt sækja þau á Moodle).

Nemendur sem velja að teikna með teknivélum þurfa að kaupa nauðsynleg teikniáhöld, s.s. 13 stk. A2 teikniblöð, möppu undir teikningar, mælikvarða, teikniblýanta (2H – 4H blýstyrkur) og , línuveiðara. Teikniáhöldin fást í bóksölu skólans.

Verkefnaskil:

Á önninni verða lögð fyrir **12 tekniverkefni** sem nemendur teikna í skólanum (og heima eftir atvikum), auk **annara heimaverkefna** sem þeir þurfa að skila. Nemandi skal fullklára verkefnin og afhenda kennara þau (senda í tölvupósti) til yfirferðar áður en hann byrjar á því næsta. **Til að örlast próftökurétt í lokaprófið** verður nemandinn að hafa fullklárað öll verkefnin með fullnægjandi hætti og kennari samþykkt þau .

Námsmat:

Vægi lokaprófs er **30%** og vægi tekniverkefna/heimaverkefna er **70%**.

Nemandi getur sloppið við að taka lokaprófið og látið verkefni annarinnar hafa 100% vægi í lokaeinkunn áfangans, ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði :

- skilar öllum verkefnum annarinnar tímanlega skv. yfirferðaráætlun, með fullnægjandi árangri skv. mati kennarans
- mætir mjög vel í kennslutímana og er virkur í þeim í verkefnnavinnunni
- er ekki á netinu (eða í tölvuleikjum) í tímunum nema með leyfi kennarans

Lokaeinkunnin í áfanganum tekur þá mið af vetrareinkunninni (meðaleinkunnin fyrir öll verkefnin). Nemandi fær að vita í lok annarinnar hvort hann hefur öðlast rétt til að sleppa við að taka lokaprófið.

Nemandi sem tekur lokapróf þarf að fá a.m.k. einkunnina 4,5 í prófinu til að standast áfangann sé vetrareinkunnin 4,5 eða hærri.

Vetrareinkunnin reiknast inn í lokaeinkunn nemandans samkvæmt uppgefnum vægisþáttum. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn hans upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófinu.

Verkefni og áætlun um yfirferð á önninni:

Vika	Nr.	Teikniverkefni:
1-2	1	Gluggastykki(sneiðingar) – mælikvarðar (verkefni).
2	4	Gluggi með opnanlegu fagi - útlit (má teikna á sama blað og verkefni 1).
3-4	2	Gluggi með opnanlegu fagi - sneiðingar/útlit/samsetning á opnanlegu fagi.
4	3	Innihurð - útlit/samsetning á ramma/sneiðingar.
5	5	Útihurð 1 - útlit/sneiðingar.
6-7	6	Útihurð 2 - útlit/sneiðingar.
7-8	7	Svalahurð - útlit/sneiðingar.
9-10	8	Snúinn tréstigi - lárétt mynd/lóðrétt mynd/hliðarmynd/þrepadeilir.
11-12	9	Eldhúsinnrétti - útlit/sneiðingar/deiliteikningar.
13	10	Rennihurð – útlit/sneiðingar.
14	11	Fataskápur – útlit/sneiðingar.
15	12	Hæðarmæling/kótar - upprifjun, önnur verkefni kláruð.
16		Teikniverkefni og önnur verkefni kláruð ef ólokið.

Vandvirkni: Sérstök áhersla er lögð á **vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð** nemenda við frágang teikninga og ræðst vetrareinkunnin m.a. af því.

Athugasemdir:

Þeir nemendur sem handteikna verkefnin skulu ljúka þeim að fullu, auk áritunar og merkingar áður en það næsta er tekið fyrir. Öll áritun, þar með talin merking blaða, skal vera með **teikniskrift**. Þeir sem teikna verkefnin í tölvu senda kennaranum þau í tölvupósti jafnóðum og þau eru fullkláruð hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur haldi sig nokkurn vegin við yfirferðaráætlunina því vinnuhraðinn hefur áhrif á vetrareinkunnir þeirra í áfanganum.

Nemendi (20 ára eða eldri) sem hyggst vera utanskóla í áfanganum þarf að ræða við kennara áfangans í upphafi annarinnar (skv. reglum skólans) og gera við hann formlegan samning um mætingu og verkefnaskil og annað er kennari telur að skipti máli. Standi nemandinn ekki við samninginn getur hann átt á hættu að detta út úr áfanganum.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.